

# Lýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031, golfvöllur sunnan Rifs



Mynd sunnan Rifs – [www.golf.is](http://www.golf.is)

## Lýsing og matslýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015 - 2031.

Eftirfarandi **lýsing** er gerð í samræmi við 30. grein skipulagslaga vegna fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031. Fyrirhuguð breyting varðar nýjan golfvöll sunnan Rifs, en í gildandi aðalskipulagi var gert ráð fyrir golfvelli sunnan Hellissands. Talið er að ný staðsetning verði til þess að framkvæmdir verði mun minni að umfangi og hagkvæmari en sunnan Hellissands. Gert er ráð fyrir að á svæðinu sunnan Hellissands verði æfingasvæði fyrir golfáhugamenn. Hið nýja fyrirhugaða svæði fyrir golfvöll var óbyggt svæði í gildandi aðalskipulagi en breytist í íþróttasvæði.

**Aðdragandi og tilgangur:** Í Snæfellsbæ er mikill áhugi á golfíþróttinni. Staðsetning golfvallar sunnan Rifs hentar mjög vel vegna nálægðar við þéttbýlið í Ólafsvík, í Rifi og á Hellissandi. Á svæði Íþ-2 samkvæmt gildandi aðalskipulagi var gert ráð fyrir 40 ha golfvelli sunnan Hellissands. Nú er gert ráð fyrir að nýtt svæði Íþ-3 sunnan Rifs verði um 43 ha og þar er unnt að koma fyrir 9 holu velli. Svæðið verði mótað þannig að golfvöllurinn lagi sig að gróðurfari og deiglendi verði hlíft eftir föngum. Norðan svæðisins er votlendara svæði og svæði til fuglaskoðunar sem fær að vera í friði.

**Forsendur:** Í aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 er mótuð almenn stefna um **íþróttasvæði:** Bæjaryfirvöld leggja áherslu á að stuðla að íþróttastundun í Snæfellsbæ. Íþróttasvæði innan þéttbýliskjarna bjóða upp á tækifæri til iðkunar margvíslegra íþróttagreina. Einnig er íþróttasvæði við skóla og laug að Lýsuhóli. Golfvellir eru austan við Ólafsvík og í Staðarsveit. Auk þess er í aðalskipulagi gert ráð fyrir golfvelli við Hellissand og á Hellnum. **Eftir breytingu mun síðasta setningin breytast:** *Auk þess er í aðalskipulagi gert ráð fyrir golfvelli sunnan Rifs, golfæfingasvæði sunnan við Hellissand og golfvelli á Hellnum.*

**Í stefnumörkun í aðalskipulagi um íþróttasvæði á Hellissandi stendur fyrir breytingu:** Íþ-2: Austan við íþróttavöllinn er gert ráð fyrir golfvelli. Gerð var tillaga að deiliskipulagi af honum, en ekki var gengið frá gildistöku þess. Stærð svæðis er um 40 ha eða rúmir 400.000 m<sup>2</sup>. *Bæjaryfirvöld vilja halda opnum möguleika á uppbyggingu golfvallar og vallarhúsi.*

**Eftir breytingu mun standa:** Íþ-2: *Austan við íþróttavöllinn er gert ráð fyrir æfingasvæði fyrir golfáhugamenn. Stærð svæðis er um 40 ha.*

*Íþ-3: Nýtt svæði fyrir golfvöll sunnan Rifs. Þar verði 9 holu völlum á um 43 ha svæði. Austan við svæðið að sunnanverðu er gert ráð fyrir að hliðra aðkomuvegi til að stuðla að verndun Lárusarrennu. Vallarhús og bílastæði verði sunnan Lárusarrennu.*

Breyting aðalskipulags tekur eingöngu til þéttbýlisuppráttar Hellissands og Rifs og greinargerðar. Gerður verður uppráttur sem mun sýna aðstæður fyrir og eftir breytingar og stutt greinargerð með tilvitnun í greinargerð með aðalskipulaginu og gerð grein fyrir hvað breytist.

**Umhverfi og aðstæður:** Í gildandi aðalskipulagi Snæfellsbæjar var gert ráð fyrir að hið nýja golfvallarsvæði yrði óbyggt svæði. Á fyrirhuguðu golfvallarsvæði er graslendi, mólendi og votlendi.

Vegna gerðar aðalskipulags Snæfellsbæjar var unnin aðalskráning fornminja á Hellissandi og Rifi. Frágangi gagna er ekki lokið, en gengið hefur verið frá kortagögnum. Lárusarrenna sem var skráð út frá

upplýsingum Sæmundar Kristjánssonar á Hellissandi er eina dæmið um þekktar minjar á svæðinu. Verndargildi hefur ekki verið metið af fornleifafræðingi. Með gerð golfvallar er gert ráð fyrir að hliðra vegi til að gera Lárusarrennu hærra undir höfði en nú er og forðast frekara rask. Ekki er vitað um fornminjar á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum. Komi minjar í ljós skal hafa í huga að allar minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa. Þá skal framfylgja 21. og 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

**Samráð:** Haft verði samráð við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, Ísavía, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, RARIK, Samgöngustofu, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands, Vegagerðin.


**Kynningarferli:** Lýsing og matslýsing voru kynntar og samþykktar í umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar 6. maí og í kjölfarið samþykktar af bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 9. maí. Þá verða lýsing og matslýsing sendar samráðsaðilum og kynntar fyrir almenningi á upplýsingavef Snæfellsbæjar og með auglýsingu í staðarblaði.

Í kjölfar kynningar lýsingar og matslýsingar verði unnin tillaga að breytingu aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031 og verði tillagan kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum með áberandi hætti. Eftir samþykki umhverfis- og skipulagsnefndar og bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, verður leitað heimildar Skipulagsstofnunar til að auglýsa tillögu í samræmi við 31. grein skipulagslaga. Þá tekur við 6 vikna auglýsingarferli og að því loknu mun bæjarstjórn fjalla um tillöguna á nýjan leik og taka afstöðu til fram kominna athugasemda. Eftir að bæjarstjórn hefur samþykkt tillögu skal hún send Skipulagsstofnun ásamt fram komnum athugasemdum og umsögnum um þær innan 12 vikna frá því að athugasemdafrestur rennur út, í samræmi við 32. grein skipulagslaga. Eftir það lætur Skipulagsstofnun auglýsa gildistöku í B deild Stjórnartíðinda innan fjögurra vikna. Aðalskipulagsbreyting tekur gildi þegar hún hefur verið samþykkt af bæjarstjórn, hlotið staðfestingu Skipulagsstofnunar og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

**Matslýsing:** Áhrif aðalskipulagsbreytingarinnar á umhverfi verða metin og gerð grein fyrir þeim í umhverfisskýrslu með aðalskipulagsbreytingunni. Í umhverfisskýrslunni verður fjallað um þá liði sem við á samkvæmt 6. grein laga um umhverfismat áætlaða. Gert er ráð fyrir að lítil umhverfisáhrif verði vegna gerðar golfvallar. Vallarhús breytir ásýnd á svæðið, en áhrif af því eru staðbundin. Að öðru leyti er fyrst og fremst um breytingu gróðurtegunda á völdum svæðum að ræða. Lögð verði áhersla á að stilla áburðargjöf í hóf og nota lífrænan áburð, svo fuglalífi verði ekki raskað. Leitast verði við að vernda deiglendi. Taka þarf tillit til þess að svæði til fuglaskoðunar er norðan og austan við golfvallarsvæðið. Haft verði samráð við Gróðukortadeild Náttúrufræðistofnunar Íslands varðandi útfærslu vallarins.


Reiknað er með að endurmótun lands verði í algeru lágmarki. Völlurinn verði gerður að mestu leyti með endurræktun á þurrlendi með sendnum jarðvegi, sem er sums staðar gróðurlaust. Votlendi verði haldið ósnortnu eftir fönngum og svæðið mótað þannig að golfvöllurinn lagi sig að deiglendi og því verði hlíft. Norðan svæðisins er votlendara svæði og svæði til fuglaskoðunar sem verður ekki raskað. Stefnt er að því að rækta völlinn upp með nægjusömum grasategundum, aðallega yrkjum rauðvinguls sem best standast vetrarhörkur og þurfa minnsta næringargjöf og slátt. Hönnun, grasaval og framkvæmd miðast þannig við að lágmarka umhverfisáhrif.





Úr aðalskipulagi Helligsands og Rifs 2015-2031 fyrir breytingu

LANDNOTKUN		TIL UPPLÝSINGA	
	Afmörkun þéttbýlisuppráttar		Dreifilína 19 kv
	Ibúðarbyggð		Símalína
	Miðsvæði		Flotbryggja
	Verslun og þjónusta		Aðrir vegir
	Samfélagsþjónusta		Hús
	Athafnasvæði		TAKMÖRKUN Á LANDI
	Lónaðarsvæði		Minjavernd, skráðar minjar
	Efnistöku- og efnislausunarsvæði		Öryggissvæði flugvallar
	Fristundabyggð		Fríðlystar minjar/þjóðgarður
	Afbreytingar og ferðamannasvæði		
	Íþróttasvæði		
	Kirkjugarðar		
	Opin svæði		
	Flugvellir		
	Hafnir		
	Landbúnaðarsvæði		
	Skógræktar og landgræðslusvæði		
	Obyggð svæði		
	Vötn, ár og sjór		
	Stofnvegir		
	Tengivegir		
	Göngu- og útivistarleiðir		
	Varnargarðar		
	Fráveita		
	Vaxtarmörk þéttbýlis		



Úr aðalskipulagi Helligsands og Rifs eftir breytingu, golfvöllur sunnan Rifs eftir fyrirhugaða breytingu